

Svar
matvælaráðherra við fyrirspurn
Ingu Sæland um aflaheimildir.

1. Til hvaða útgerða og á hvaða báta fara þau 1.472 tonn af þorskvóta sem áætlað er að fari til skel- og rækjubóta, sbr. reglugerð nr. 920/2021?

Samkvæmt reglugerð nr. 920/2021, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubóta, er alls 1.237 þorskígildistonnur úthlutað af þorski sem samsvarar 1.472 tonnum miðað við magn upp úr sjó. Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi sundurliðun úthlutunar sem sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubóta í þorski (kg í þorskígildum).

Eigandi	Skr.nr.	Skip	Svæði	Summa af þorski
Ásver ehf	6933	Húni HU 62	Húnaflóarækja	9.881
ÁVM útgerð ehf	1859	Sundhani ST 3	Húnaflóarækja	3.095
BBH útgerð ehf.	1126	Harpa HU 4	Húnaflóarækja	4.447
Eyrarhóll ehf.	2150	Árni á Eyri ÞH 205	Rækja í Skjálfanda	15.578
FISK-Seafood ehf.	1833	Málmey SK 1	Húnaflóarækja	18.649
			Húnaflóaskel	5.508
	2749	Farsæll SH 30	Breiðafjarðarskel	105.228
			Skagafjarðarrækja	25.538
Frosti ehf	2433	Frosti ÞH 229	Arnarfjarðarrækja	7.789
			Arnarfjarðarskel	467
			Eldeyjarækja	1.181
Geir ehf.	2408	Geir ÞH 150	Öxarfjarðarrækja	33.549
GRG útgerð ehf	2207	Kristbjörg ST 39	Húnaflóarækja	7.405
Hafborg ehf.	2940	Hafborg EA 152	Skel í Hvalfirði	16.023
Hafvík ehf	2437	Hafbjörg ST 77	Húnaflóarækja	6.171
Hólmsteinn Helgason ehf	2661	Kristinn ÞH 163	Öxarfjarðarrækja	67.099
Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.	1977	Július Geirmundsson ÍS 270	Rækja í Djúpi	41.489
Ís 47 ehf	1968	Aldan ÍS 47	Rækja í Skjálfanda	15.578
			Skagafjarðarrækja	12.769
Jakob Valgeir ehf.	2919	Sirry ÍS 36	Arnarfjarðarskel	467
			Rækja í Djúpi	3.129
Lundhöfði ehf.	1876	Hafborg SK 54	Skagafjarðarrækja	31.922
Mardöll ehf	1436	Jón Hákon BA 61	Arnarfjarðarrækja	23.368
			Arnarfjarðarskel	467
Máni ÁR70 ehf	1887	Máni II ÁR 7	Skagafjarðarrækja	25.538
Mýrarholt ehf.	2313	Ásdís ÍS 2	Rækja í Djúpi	10.993

Eigandi	Skr.nr.	Skip	Svæði	Summa af þorski
Nesfiskur ehf.	2430	Benni Sæm GK 26	Eldeyjarrækja	5.906
			Húnaflóarækja	8.794
			Húnaflóaskel	4.131
Saltver ehf.	233	Erling KE 140	Eldeyjarrækja	3.544
SE ehf.	2340	Egill ÍS 77	Arnarfjarðarrækja	62.313
			Arnarfjarðarskel	3.272
SJ útgerð ehf	2183	Ólafur Magnússon HU 54	Húnaflóarækja	8.695
ST 2 ehf	741	Grimsey ST 2	Húnaflóarækja	6.797
Tjaldtangi ehf.	1403	Halldór Sigurðsson ÍS 14	Rækja í Breiðafirði	9.347
			Rækja í Djúpi	24.506
Uggi fiskverkun ehf	1979	Haförn ÞH 26	Rækja í Skjálfanda	15.578
Útgerðarfélagið Djúpvík ehf.	1184	Dagrún HU 121	Húnaflóarækja	4.348
			Húnaflóaskel	1.377
Útgerðarfélagið Þytur ehf	6988	Þytur SK 8	Skagafjarðarrækja	6.384
Vestri ehf.	182	Vestri BA 63	Húnaflóarækja	4.329
Vík ehf útgerð	530	Hafrún HU 12	Húnaflóarækja	16.200
Þorbjörn hf.	1401	Hrafn GK 111	Eldeyjarrækja	1.181
			2354	Valdimar GK 195
Þórsnes ehf.	2936	Þórsnes SH 109	Breiðafjarðarskel	508.338
			Húnaflóaskel	11.016
Önundur ehf.	926	Þorsteinn ÞH 115	Öxarfjarðarrækja	33.549
Heildarsumma				1.236.477

2. Er fyrirhugað að draga úr skel- og rækjubótum á næstu árum?

Matvælaráðherra kynnti á samráðsgátt stjórnvalda áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla sem lýsir áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla á kjörtímabili ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Gert er ráð fyrir að þingsályktunartillaga að matvælastefnu verði síðan lögð fyrir Alþingi og að matvælastefnan verði leiðarstef í matvælaframleiðslu á Íslandi, hvort heldur sem er í landbúnaði, sjávarútvegi eða fiskeldi. Því er mögulegt er að vinna við matvælastefnu muni á síðari stigum fela í sér skoðun á skel- og rækjubótum í samhengi við matvælastefnu og nánar tiltekin verkefni fjögurra starfshópa sem munu fjalla um samfélag, aðgengi, umgengni og tækifæri í sjávarútvegi. Hins vegar er á þessu stigi ekki hægt að segja til um hvort slíkt muni fela í sér breytingar á ráðstöfun skel- og rækjubóta þar sem vinna við nánari skoðun hefur ekki farið fram.

3. Hvað fá aðilar sem hafa þegar yfir miklu aflamarki að ráða, eða umfram eitt þúsund þorskigildistonn, miklum aflaheimildum úthlutað skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006? Óskað er eftir sundurliðun þar sem fram kemur magn, útgerðir og forsendur úthlutunar, svo sem almennur byggðakvóti, byggðakvóti Byggðastofnunar, skel- og rækjubætur, línu-ívilnun og fristundaveiðar.

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni og í töflu 2 er að finna sundurliðun á umbeðnum upplýsingum fyrir fiskveiðiárið 2020/2021.

Tafla 2. Yfirlit um úthlutun aflamarks og sérstaka úthlutun fiskveiðiárið 2020/2021 (tonn í þorskígildum).

Útgerð	Heimili	Póstfang	Regluleg úthlutun				Sérstök úthlutun				Sérstök úthlutun samtals	Regluleg og sérstök úthlutun samtals
			Aflamark	Almennur byggðakvóti	Sértækur byggðakvóti	Frístunda- og rækjubætur	Línuvinnun	Sérstök úthlutun samtals	Skel og rækjubætur	Línuvinnun		
Brim hf.	Norðurgarði 1	101 Reykjavík	35.273	0	0	0	0	0	0	0	0	35.273
Samherji Ísland ehf.	Glergötu 30	600 Akureyri	25.801	51	0	0	0	0	0	0	0	25.852
FISK-Seafood ehf.	Háeyri 1	550 Sauðárkrúkur	23.630	33	0	0	233	0	266	0	266	23.896
Þorbjörn hf.	Hafnargötu 12	240 Grindavík	19.867	0	0	0	8	0	8	0	8	19.875
Vísir hf.	Pósthólf 30	240 Grindavík	17.609	0	0	0	0	0	0	0	0	17.609
Rammi hf.	Pósthólf 212	580 Siglufjörður	16.846	203	0	0	0	0	203	0	203	17.049
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. Fiskilóð 14	101 Reykjavík	101 Reykjavík	15.379	0	0	0	0	0	0	0	0	15.379
Nes fiskur ehf.	Gerðavegi 32	250 Garður	14.800	129	430	0	28	0	587	0	587	15.387
Vinnslustöðin hf.	Hafnargötu 2	900 Vestmannaeyjar	14.358	0	0	0	0	0	0	0	0	14.358
Skinney-Þinganes hf.	Krossey	780 Höfn	13.987	82	0	0	0	0	82	0	82	14.069
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. Hnífsdalur	410 Hnífsdalur	410 Hnífsdalur	11.878	285	751	0	54	0	1.090	0	1.090	12.968
SÍÐarvinnslan hf.	Hafnarbraut 6	740 Neskaupstaður	11.878	16	0	0	0	0	16	0	16	11.894
Ístíðlag Vestmannaeyja hf.	Tangagötu 1	900 Vestmannaeyjar	8.232	58	150	0	0	0	273	0	273	8.505
Útgerðarfélag Akureyringa ehf. Glergötu 30	Glergötu 30	600 Akureyri	7.153	0	0	0	0	0	0	0	0	7.153
Gjögur hf.	Kringlunni 7	103 Reykjavík	6.693	181	0	0	0	0	181	0	181	6.874
Jakob Valgeir ehf.	Grundarstíg 5	415 Bolungarvík	6.462	10	0	0	6	0	16	0	16	6.478
Ögurvík ehf.	Norðurgarði 1	101 Reykjavík	5.829	0	0	0	0	0	0	0	0	5.829
Bergur-Hugginn ehf.	Skildingavegi 2	900 Vestmannaeyjar	5.525	0	338	0	0	0	338	0	338	5.863
Loðnuvinnslan hf.	Skólavegi 59	750 Fáskrúðsfjörður	4.845	0	0	0	0	0	0	0	0	4.845
KG Fiskverkun ehf.	Melnes 1	360 Hellissandur	4.344	0	0	0	0	0	0	0	0	4.344
Hraðfrystihús Hellissands hf.	Hafnarbakka Rífi	360 Hellissandur	4.119	6	0	0	0	0	6	0	6	4.125
Ós ehf.	Strandvegi 30	900 Vestmannaeyjar	4.043	0	0	0	0	0	0	0	0	4.043
Eskja hf.	Leirubakka 4	735 Eskifjörður	4.016	0	0	0	0	0	0	0	0	4.016
Guðmundur Runólfsson hf.	Sólvöllum 2	350 Grundarfjörður	3.792	71	0	0	0	0	71	0	71	3.863
Fiskkaup hf.	Fiskilóð 34	101 Reykjavík	3.640	0	0	0	0	0	0	0	0	3.640
Frosti ehf.	Ægissíðu 25	610 Grenivík	3.593	0	0	0	0	12	0	12	12	3.605
Þórsnes ehf.	Reitavegi 14	340 Stykkishólmur	3.078	58	150	0	356	0	580	16	580	3.658

Reglugleg úthlutun

Sérstök úthlutun

Útgerð	Heimili	Póstfang	Aflamark	Almennur byggðakvóti		Sérstækur byggðakvóti		Sérstök úthlutun		Línuviltun	Sérstök úthlutun samtals	Reglugleg og sérstök úthlutun samtals
				byggðakvóti	Aflamark	byggðakvóti	Bygðastofnunar veðbar	Frístunda- Skel og rækjubætur	Frístunda- Skel og rækjubætur			
GPG Seafood ehf.	Suðurgarði	640 Húsavík	2.710	90	944	0	0	0	0	0	1.034	3.744
Oddi hf.	Pósthólf 00002	450 Patreksfjörður	2.651	0	401	0	0	0	0	0	401	3.052
Grunnur ehf.	Óseyrarbraut 17	220 Hafnarfjörður	2.112	0	0	0	0	0	0	0	0	2.112
Stakkavík ehf.	Bakkalág 15b	240 Grindavík	1.818	0	0	0	0	183	0	0	183	2.001
Háaöxl ehf.	Smiðjustíg 2	750 Fáskrúðsfjörður	1.751	76	0	0	0	0	0	0	76	1.827
Hjálmar ehf.	Skólavegi 59	750 Fáskrúðsfjörður	1.736	0	0	0	0	0	0	0	0	1.736
Einhamar Seafood ehf.	Verbraut 3a	240 Grindavík	1.721	0	0	0	0	0	0	0	0	1.721
Vestri ehf.	Aðalstræti 5	450 Patreksfjörður	1.707	0	0	0	0	6	0	0	6	1.713
Útgerðarfélagið Vigur ehf.	Krossey	780 Höfn	1.687	0	0	0	0	0	0	0	0	1.687
Saltver ehf.	Hrauntúni 3	230 Keflavík	1.685	0	0	0	0	6	0	0	6	1.691
Saltung ehf.	Grófinni 1	101 Reykjavík	1.578	0	0	0	0	0	0	0	0	1.578
Bergur ehf.	Skildingavegi 2	900 Vestmannaeyjar	1.539	0	0	0	0	0	0	0	0	1.539
Kleifar ehf.	Verbraut 3a	240 Grindavík	1.471	0	0	0	0	0	0	0	0	1.471
Kristinn J Friðþjófsen ehf.	Háarrifi 5 Rífi	360 Hellissandur	1.424	2	0	0	0	0	0	0	2	1.426
Þórsberg ehf.	Strandgötu 36	460 Tálknafjörður	1.316	0	0	0	0	0	0	0	0	1.316
Útnes ehf.	Háarrifi 67	360 Hellissandur	1.280	2	0	0	0	0	0	0	2	1.282
Steinnun hf.	Pósthólf 00008	355 Ólafsvík	1.221	3	0	0	0	0	0	0	3	1.224
Agustson ehf.	Aðalgötu 1	340 Stykkishólmur	1.211	11	0	0	0	424	0	0	435	1.646
Norðureyri ehf.	Freyjugötu 2	430 Suðureyri	1.209	60	0	0	0	0	0	0	60	1.269
Soffíanas Cecilsson ehf.	Borgarbraut 1	350 Grundarfjörður	1.164	36	0	0	0	0	0	0	36	1.200
Hásteinn ehf.	Vogatungu 24	270 Mosfellsbær	1.143	12	0	0	0	0	0	0	12	1.155
Frár ehf.	Hásteinsvegi 49	900 Vestmannaeyjar	1.136	0	0	0	0	0	0	0	0	1.136
Valafell ehf.	Sandholti 32	355 Ólafsvík	1.072	3	0	0	0	0	0	0	3	1.075

4. Hvert var meðaltal virðisstuðuls í skiptum á loðnu fyrir þorsk í niðurstöðum tilboðsmarkaðar Fiskistofu á ári hverju árin 2015–2021?

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni og í töflu 3 er að finna upplýsingar um vegið meðaltal virðisstuðuls tilboða sem var tekið í loðnu fyrir tímabilið 2015 til 2022 ásamt skýringum.

Tafla 3. Yfirlit um virðisstuðul í skiptum fyrir þorsk á tilboðsmarkaði Fiskistofu.

Fiskveiðiár	Magn í boði (t)	Virðisstuðull	Skýringar
2021/2022	36.381	0,030	Í síðari skiptimarkaði sem lauk þann 22.3.2022 fengust aðeins 53 kg af þorski fyrir 1.292 tonn af loðnu vegna veiðiheimilda Norðmanna sem flytjast yfir á íslensk skip m.a. vegna þess að verulegar líkur eru á að ekki takist að veiða hluta af útgefnum kvóta fyrir lok vertíðar. Virðisstuðull vegna þessara viðskipta er því 0,000041.
2020/2021	3.701	0,718	Takmarkað framboð af loðnu hafði áhrif á virðisstuðul.
2019/2020	0	0,000	Engar loðnuveiðar
2018/2019	0	0,000	Engar loðnuveiðar
2017/2018	9.834	0,197	
2016/2017	10.391	1,104	
2015/2016	623	0,329	Tekið skal fram að fiskveiðiárið 2015/2016 gátu útgerðir keypt til baka 5 3% frádráttinn af eigin úthlutun í jöfnum skiptum fyrir þorsk í þorskígildum talið sjá 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 600/2015 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2015/2016. Þetta ár voru 4.693 tonn keypt þannig og aðeins 623 tonn seld á uppboði.
2014/2015	5.750	0,201	

5. Hvaða veiðiheimildir fá íslensk skip í skiptum fyrir þau 2.320 tonn af þorski sem úthlutað er til erlendra þjóða til veiða á Íslandsmiðum?

Samkvæmt núgildandi fiskveiðisamningi milli Íslands og Færeyja sem endurnýjaður er árlega mega færeysk skip árlega veiða 5.600 tonn af botnfiski við Ísland, þar af að hámarki 2.400 tonn af þorski og allt að 400 tonn af keilu. Þessar botnfiskheimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland má rekja aftur til samkomulags frá 20. mars 1976. Í kjölfar bankakreppunnar í Færeyjum í byrjun tíunda áratugarins var samkomulagið síðan víkkað út og því fá færeysk skip nú 5% hlutdeild af útgefnum heildarkvóta í loðnu, en þó ekki meiri en 30.000 tonn.

Milli ríkjanna er samkomulag um gagnkvæman aðgang til að veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld úr eigin kvótum innan lögsögu hvors ríkis fyrir sig. Við veiðar á norsk-íslenskri síld innan færeyskrar lögsögu fá íslensk skip 1.300 tonn af makríl sem meðaflaheimild frá Færeyjum.

Á heildina litið lætur Ísland árlega frá sér umtalverðar aflaheimildir í botnfiski og loðnu til Færeyja í skiptum fyrir aðgang til veiða á eigin kvótum í kolmunna og norsk-íslenskri síld innan færeyskrar lögsögu. Því er ekki um það að ræða að íslensk skip fái beinar veiðiheimildir frá Færeyjum í skiptum fyrir þann fisk sem færeysk skip fá að veiða á Íslandsmiðum.

6. Hver hefur þróun þorskveiðiheimilda erlendra ríkja í íslenskri fiskveiðilandhelgi verið undanfarin 15 ár?

Engar breytingar hafa orðið á þróun þorskveiðiheimilda erlendra ríkja í íslenskri fiskveiðilandhelgi undanfarin 15 ár. Með vísan til svars hér að framan eru það eingöngu Færeyingar sem hafa heimildir til veiða á þorski innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Á vefsíðu Fiskistofu eru aðgengilegar upplýsingar um veiðar erlendra ríkja í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Annars vegar eru upplýsingar um afla erlendra skipa úr fjareftirliti Landhelgisgæslunnar fyrir tímabilið 2005–2014 og hins vegar skráningar afla erlendra skipa innan lögsögu í gagnagrunni Fiskistofu. Í töflu 4 er að finna samantekt á veiðum færeyskra, grænlenkra og norskra skipa.

Afli í botnfiski annarra þjóða en Færeyinga á Íslandsmiðum er tilkominn vegna meðafla. Í framangreindum gögnum fyrir árið 2006 er jafnframt skráður afli á skipum frá Bretlandi og Þýskalandi sem er tilkominn vegna þágildandi tvíhliða samnings við Evrópusambandið um veiðar á 3.000 tonnum af karfa.

7. *Hvað áætlar Fiskistofa að sé umfang ólöglegs brottkasts við Íslandsmið á ári hverju? Hefur drónaefirlit Fiskistofu leitt til endurskoðunar á því mati?*

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi svar við þessum lið fyrirspurnarinnar. Í svari Fiskistofu kemur eftirfarandi fram:

„Í upphafi árs 2021 hóf Fiskistofa eftirlit með brottkasti með drónum. Fram að þeim tíma voru brottkastsmál alla jafna innan við 10 ár ári, eins og sjá má í ársskýrslum Fiskistofu, og brottkast því metið óverulegt. T.d. var einungis eitt brottkastsmál sem uppgötvaðist við eftirlit Fiskistofu á tímabilinu 1. september 2020 fram í miðjan janúar 2021 er drónaefirlit hófst. Á árinu 2021 voru brottkastsmálin hins vegar um 140 og nánast öll þeirra uppgötvuðust við drónaefirlit. Brottkast hefur sést hjá um 40% allra báta sem flogið hefur verið yfir á dróna. Er það óháð tegund veiðafæra en þess ber að geta að lítill hluti fluga hefur verið frá varðskipi þar sem fylgst er með stærri bátum fjarri landi. Verið er að leita tölfræðilegra aðferða til að magnmeta brottkast út frá þeim gögnum sem safnað hefur verið við drónaefirlit Fiskistofu. En brottkast hefur mælst allt upp í 27% af heildarafla eins báts í stakri veiðiferð.

Fiskistofa metur, eftir þetta fyrsta ár í drónaefirliti, að umfang ólöglegs brottkast við Íslandsmið sé allnokkurt og mun meira en áður hefur verið talið. Hins vegar þarf að vinna betur úr þeim gögnum sem safnast hafa og endurbæta skráningar til að auðvelda tölfræðigreiningar til að geta metið umfangið nákvæmar. Sú vinna stendur nú yfir.“

8. *Rannsakar Fiskistofa útbúnað skipa til að athuga hvort skipin séu með búnað sem megi nýta til að fela ummerki brottkasts?*

Þar sem Fiskistofa fer með framkvæmd þess eftirlits sem spurningin varðar þá leitaði ráðuneytið svara hjá stofnuninni. Í svari Fiskistofu segir:

„Eftirlitsmenn hafa augun opin í eftirliti sínu fyrir búnaði sem nýta megi til að fela ummerki brottkasts. Fiskistofa hefur hins vegar ekki heimildir til að banna slíkan búnað eða t.d. opna brunna sem vart verður við. En eftirlitsmenn benda á slíkan búnað eða opna brunna í eftirliti og óska eftir úrbótum ásamt því að Fiskistofa sendir leiðbeiningarbréf þar sem bann við brottkasti er áréttað og óskað eftir að brunnum verði lokað eða búnaður fjarlægður. Lengra ná heimildir Fiskistofu ekki.

Einnig hefur sést við drónaefirliti búnaður s.s. rennur o.fl. til að auðvelda brottkast og hefur sá búnaður sést í notkun. En það sama á við og áður, Fiskistofa getur sent leiðbeiningarbréf og óskað eftir að búnaður verði fjarlægður.“